



Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar,
Norðurhella 2,
221 Hafnarfjörður

Reykjavík 16.08.2021

Efni: Umsögn Veitna vegna breytinga á deiliskipulagi við Strandgötu 26-30

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar auglýsir breytingu á deiliskipulagi við Strandgötu 26-30. Breytingartillagan gerir ráð fyrir breyttu byggingarmagni á lóð ásamt blandaðri starfsemi með verslun, þjónustu og hótélrekstri.

Veitur eiga og reka dreifikerfi hitaveitu á svæðinu og vilja koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Dreifilögn hitaveitu, heimlagnir og inntök liggja þar sem fyrirhugaður er nýr byggingarreitur ásamt bílakjallara. Nauðsynlegt er að færa lagnirnar og æskilegt er að færslu sé lokið áður en að framkvæmdir hefjast.

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að færslu lagna.

Virðingarfyllst,

Helga Rún Guðmundsdóttir